

## Ráðningarsamningur.

Jóna Jónsdóttir tæknifræðingur kt. xxxxxx-xxxx Engjateigi 7. 105 Reykjavík og Fyrirtækið kt. xxxxxx-xxxx Víðavangi 8. 220 Hafnafirði gera með sér eftirfarandi ráðningarsamning.

### 1. Vinnan.

Jóna Jónsdóttir er frá og með xx.xx.xxxx ráðinn sem tæknifræðingur hjá fyrirtækinu.

Aðal verkefnin verða: (Starfslýsing, fylgiskjal ráðningarsamnings.)

Vinnustaðurinn er:

### 2. Vinnutími.

Vikulegur vinnutími tæknifræðingsins er 37 klst., þar með talið ½ klst. daglegt hádegisverðarhlé. Daglegur vinnutími er sveigjanlegur á tímabilinu kl. 7.00 - 18.00, en föst viðvera er frá kl. 9.00 til 15.00.

### 3. Yfirvinna.

3.1 Reynt skal að halda yfirvinnu í lágmarki. Öll vinna umfram 37 klst. á viku telst vera yfirvinna, og skal hún gerð upp í lok vinnumánaðar.

3.2 Yfirvinnan skal gerð upp með viðbótarfríi eða launagreiðslu. Kjósi tæknifræðingurinn að taka hana út með fríi skal frítíminn reiknast út sem fjöldi yfirvinnutíma + 50% viðbót. Kjósi hann að fá yfirvinnuna greidda skal yfirvinnukaupið reiknast sem dagvinnukaup með 50% álagi, og er dagvinnukaup þá reiknað sem þannig að deilt er með árlegum dagvinnustundafjölda upp í árslaun fyrir dagvinnu.

3.3 Vegna umbeðinar yfirvinnu á laugardögum, sunnudögum og helgidögum og öðrum frídögum hækkar viðbótin í 100%.

3.4 Sé yfirvinna gerð upp með viðbótarfríi, skal það tekið út samkvæmt samkomulagi við vinnuveitandann, en við það skal miðað að fríið verði tekið út eigi síðar en 6 mánuðum eftir að til þess var unnið. Útborgun yfirvinnukaups skal fara fram við fyrstu útborgun eftir að tæknifræðingurinn skilar vinnuskýrslu um yfirvinnuna.

### 4. Laun og launabreytingar.

4.1 Umsamin mánaðarlaun eru kr. \_\_\_\_\_ og greiðast eftir, í gjalddaga fyrsta virkan dag næsta mánaðar.

4.2 Launin skal endursemjja um árlega. Fyrsta breyting á launum skal taka gildi \_\_\_\_\_ eftir samninga þar um.

4.3 Laun taka sömu breytingum og um er samið í gildandi kjarasamningi KTFÍ og viðsemjanda á hverjum tíma.

5. Lífeyrir.

Tæknifræðingurinn er félagi í Lífeyrissjóði tæknifræðinga og ber að greiða iðgjöld til þess sjóðs af öllum launum hans. Starfsmaðurinn greiðir 4% af öllum launum sínum til sjóðsins, en mótramlag fyrirtækisins er 6% af sama gjaldstofni. Iðgjöldum til sjóðsins skal skilað mánaðarlega eftirá samkvæmt reglum lífeyrissjóðsins.

6. Ferðir og risna.

Útgjöld tæknifræðingsins vegna ferðalaga og risnu í þágu vinnuveitandans greiðir vinnuveitandinn samkvæmt reikningi. Greitt er fyrir notkun einkabifreiðar starfsmannsins í þágu fyrirtækisins og skal upphæðin vera í samræmi við ákvörðun skattstjóra um skattfrjálst endurgjald fyrir notkun einkabifreiðar í þágu vinnuveitanda.

7. Orlof.

- 7.1 Tæknifræðingurinn vinnur sér inn og tekur orlof í samræmi við lög um orlof. Sérstakt orlofsálag, sem er 1,5%, greiðist ásamt launum fyrir apríl.

8. Endurmenntun.

- 8.1 Tæknifræðingurinn á rétt á og skyldur við að viðhalda menntun sinni og hæfni. Tæknifræðingurinn á rétt á að taka þátt í endurmenntun minnst 2 vikur á ári hverju á kostnað fyrirtækisins.
- 8.2 Þátttaka í endurmenntun telst til vinnutíma tæknifræðingsins. Endurmenntunin skal helst fara fram á venjubundnum dagvinnutíma.

9. Uppsögn.

Uppsagnarfrestur samkvæmt ráðningarsamningi þessum er einn mánuður á fyrstu þremur mánuðum frá undirritun hans, en sá tími skoðast sem reynslutími. Að þeim tíma liðnum getur hvor aðili samningsins sagt honum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Að öðru leyti en að framan greinir gildir kjarasamningur Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands og viðsejenda um kjör tæknifræðingsins.

---

staður, dagsetning

---

Undirskrift starfsmanns

---

Undirskrift vinnuveitanda

## Almennar leiðbeiningar við gerð ráðningarsamnings.

Ráðningarsamning skal ávallt gera skriflega skv. lögum nr. xxxxxx . Sama gildir um breytingar og viðbætur. Uppsetning samningsins er ekki bundin því formi sem hér er fram sett. Hann skal þó innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- nöfn og heimilisföng samningsaðila.
- staðsetningu vinnustaðar.
- starfslýsingu.
- hvenær samningurinn tekur gildi
- væntanlegur gildistími samningsins, ef ekki er um ótímabundinn samning að ræða.
- orlofsréttindi.
- fyrirvara vegna uppsagnar.
- laun og hlunnindi.
- vinnutíma.

Ráðningarsamningurinn skal vera tilbúinn í síðasta lagi 1 mánuði eftir að ráðning tekur gildi. Við mælum þó með því að skrifað sé undir samning áður en vinna er hafin, þar sem það gefur betri samningsaðstöðu.

Hér á eftir fara nokkrar athugasemdir við einstaka liði samningsins, ásamt því að farið er í gegnum fleirri ákvarðanir sem þú gætir lent í að þurfa að taka ákvörðun um í ráðningarsamningi þínum, t.d. samkeppnisákvæði.

- Nafn samningsaðila

Mikilvægt er að tilgreina nákvæmlega hverjir aðilar samningsins eru.

Þetta getur reynst þýðingarmikið síðar, t. d. ef upp kemur ágreiningur milli aðila, hverjum beri að senda uppsögn o. s. frv.

- 1. Vinnan

Upphafsdagur ráðningar skal ávallt skilgreindur í samningnum, þar sem hann hefur áhrif á uppsagnarfrest, uppgjör og fleira. Þessa þarf sérstaklega að gæta ef gerður er nýr ráðningarsamningur í stað eldri samnings við sama vinnuveitanda, t. d. vegna breytinga á starfi.

Einnig á að koma fram starfslýsing og skilgreining á starfssviði . Með því er það tryggt að vinnuveitandinn geti ekki síðar án fyrirvara, breytt verksviði þínu verulega án samþykkis þíns. Starfslýsing á að skilgreina stöðu þína og skyldur, en á samtímis að gera þær breytingar mögulegar, sem nauðsynlegar þykja vegna ráðningaraðstæðna. Nákvæmni skilgreiningar tekur mið af stöðunni.

Einnig getur starfslýsingin haft þýðingu síðar í öðrum samböndum, t. d. í sambandi við rétt til greiðslu úr Ábyrgðasjóði launa ef launagreiðandinn verður gjaldþrota. Skilgreina skal vinnustað starfsmannsins í ráðningarsamningi. Þetta getur skipt máli í ýmsum atriðum, t. d. varðandi rétt starfsmanns til greiðslu fyrir afnot af einkabifreið.

- 2. Vinnutími

Takmarkaðar reglur eru til um lengd vinnutíma. Því skal skilgreina vinnutíma þannig að fyrir liggi hvenær um yfirvinnu er að ræða, auk þess sem vinnutími hefur þýðingu við mat starfsmanns á starfskjörum í heild.

Í samningnum er vinnutíminn fastsettur sem 37 klst. að meðtöldu matarhléi í hádegi. Þessi útfærsla tekur beint mið af kjarasamningi KTFÍ. Sumir tæknifræðingar sem hafa töluverðar stjórnunarskyldur hafa engan skilgreindan vinnutíma en fá svokölluð fastlaun.

Það er skoðun KTFÍ að ráðning án skilgreinds vinnutíma sé óæskileg. Ef ekki tekst að fá ákvæði um lengd daglegs vinnutíma inn í ráðningarsamninginn, getur það verið möguleiki að fá þess í stað inn í samninginn að vinnuvikan skuli að jafnaði vera 37 klst. Sú útfærsla veitir möguleika á að losna við of mikla yfirvinnu, auk þess sem hún setur upphafstíma á útreikning yfirvinnukaups.

Þann tíma sem fer í að ferðast á vegum fyrirtækisins og endur/símenntun skal telja með sem vinnutíma.

- 3. Yfirvinna

Samningar um borgun fyrir yfirvinnu eru mjög mismunandi.

Samningurinn gefur þér möguleika á að velja milli þess að taka viðbótarfrí eða að fá yfirvinnu útborgaða með 50 eða 100% álagi. Aðstæður eru mjög misjafnar hjá vinnuveitendum hvað þetta varðar. Aðalatriðið er að samið séu um uppgjörsfyrirkomulag í upphafi og að uppgjör yfirvinnu sé framkvæmt með samningsbundnum hætti.

- 4. Laun og launabreytingar.

Á almenna vinnumarkaðinum eru laun ákveðin eftir samningaviðræður. Þegar samið er um laun skal nota viðmiðunarlaunatöflu KTFÍ til samanburðar.

Rétt er að taka fram í ráðningarsamningi hvað skuli ráða launaþróun samkvæmt samningnum, þ. e. hvort endursemja skuli á tilteknum tímum um laun eða hvort launin skuli taka hliðstæðum breytingum og laun samkvæmt kjarasamningi. Það athugist að velja þarf annað hvort útfærslu 4.2 eða 4.3 í því formi sem stillt er upp hér að framan.

Jafnframt venjulegum mánaðarlaunum er í ráðningarsamningnum hægt að kveða á um ýmis hlunnindi.

### **Lokaorð.**

Hér hefur verið stiklað á stóru varðandi það helsta sem tengist gerð ráðningarsamninga. Það er nauðsynlegt að gefa sér góðan tíma og skilgreina vel einstök atriði samningsins, en varast skal að draga gerð samninga fram úr hófi. Alltof algengt er að samningsgerð dagi uppi vegna sinnuleysis samningsaðila. Þinn réttur hefur ekki verið tryggður fyrir en samningur hefur verið undirritaður.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.